

Fundargerð

Stjórnarfundur Íþróttabandalags Hafnarfjarðar.

Haldinn 10. janúar 2024.

Staður: Fundarherbergi / skrifstofa 1. hæð Íþróttahúsinu við Strandgötu.

Hófst kl.16.30 og lauk kl.17.55.

Mætt: Hrafnkell Marinósson, Ragnar Hilmarsson, Hildur Vilhelmsdóttir, Viðar Halldórsson, Magnús Gunnarsson, Anna Lilja Sigurðardóttir, Már Sveinbjörnsson og Aðalbjörg Óladóttir.
Forföll: Arnfríður Kristín Arnardóttir.

Dagskrá:

1. Stjórnarfundir ÍBH janúar – maí 2024

Samþykkt að halda stjórnarfundum 7. febrúar, 6. mars, 3. apríl, 8. maí og hefjast þeir allir kl. 16.30. Samþykkt að bjóða stjórn ÍBH upp á endurmenntun dagana 21. – 23. maí nk.

2. Fulltrúaráðsfundur ÍBH 2024

Verður haldinn í haust í október, dagsetning og efni ákveðið á septemberfundi 2024.

3. Umsókn ÍBH um styrk Erasmus+ nám og þjálfun, KA1.

Umsókninni var hafnað.

4. Íþrótt- og viðurkenningarhátíð Hafnarfjarðar 2023 umræður og mat

Framkvæmdastjóra ÍBH falið að koma ábendingum til ÍTH.

5. Aukaarðgreiðsla frá Íslenskri getsþá 2023

Var 140 milljónir króna fyrir ÍSÍ, samþykkt á Íþróttabingi ÍSÍ í maí 2023 að 50% af þeirri upphæð færi í viðhalds- og byggingarsjóð ÍSÍ og 50% yrði varið samkvæmt úthlutunarreglum ÍSÍ vegna lottó. Í byrjun desember 2023 greiddi ÍSÍ kr. 49.003.500 til sambandsaðila og fékk ÍBH kr. 2.860.710 af þeirri upphæð sem var greidd til aðildarfélaga ÍBH samkvæmt úthlutunarreglum ÍBH um lottó.

6. Greiðsluáætlun verkefna ÍBH 2024

Samþykktar upphæðir fyrir árið 2024 lagðar fram til kynningar.

7. Greiðsluáætlun Afrekssjóðs ÍBH 2024

Samþykktar upphæðir fyrir árið 2024 frá Hafnarfjarðarbæ og ÍBH lagðar fram til kynningar.

8. Svæðisskrifstofur höfuðborgarsvæðið

Höfuðborgarsvæðið á einn fulltrúa af átta í samráðshóp um svæðisskrifstofur. ÍBR, ÍBH og UMSK ætla að skipta á milli sín að sitja þessa fundi. Fulltrúi hvers íþróttahéraðs situr 4 mánuði í senn. Frímenn ÍBR byrjar, Elísabet ÍBH tekur við af honum og Victor UMSK klárar.

9. Álit FÍÆT á sameiginlegum starfsstöðvum

Lagt fram til kynningar, tengist lið 8 í fundargerð.

10. Ráðstefna Reykjavíkurlaikanna (RIG)

Fer fram fimmtudaginn 25. janúar nk. í Háskólanum í Reykjavík og er allan daginn. Efni ráðstefnunnar er: Er pláss fyrir öll í íþróttum. Upplýsingar um ráðstefnuna hafa verið sendar til aðildarfélaga ÍBH.

11. Knattspyrnuþing 2024

Verður haldið 24. febrúar nk. í Íþróttamiðstöð Fram í Úlfarsárdal Reykjavík. FH á 4 fulltrúa, Haukar eiga 2 fulltrúa, ÍH á einn fulltrúa og KÁ á einn fulltrúa á þinginu. Stjórn ÍBH má senda einn fulltrúa með málfrelsi. Samtals eiga 146 fulltrúar rétt til setu á þinginu. Formannskosningar verða m.a. á þinginu.

12. Aukin framboð til heilsueflingar fyrir eldri íbúa

Samþykkt þingskjal frá 53. þingi ÍBH um efnið rætt og nefnd stjórnar ÍBH um hreyfiþjálfun aldraðra falið að vinna verkefnið áfram í samvinnu við FEBH og Hafnarfjarðarbæ.

13. Önnur mál

Engin.

Fundarritari: Elísabet Ólafsdóttir framkvæmdastjóri ÍBH.